

...NÄMSKRÁ... ..



GLEÐI - VIRÐING - SKÖPUN

EFNI



1 UM LEIKSKÓLANN

2 HUGMYNDAFRÆÐI

- Leiðarljós Jöklaborgar:
Gleði - Virðing - Sköpun

3 LEIKUR & NÁM

4 GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR

5 SAMÞÆTT & SKAPANDI SKÓLASTARF

- Læsi og samskipti
- Heilbrigði og velferð
- Sjálfbærni og vísindi
- Sköpun og menning

6 MAT Á NÁMI & VELFERÐ BARNNA

- Nám án aðgreiningar
- Sérkennsla
- Mat á leikskólastarfi
- Ytra mat
- Innra mat

7 FJÖLSKYLDAN & SKÓLINN

- Aðlögun
- Aðlögun milli deilda
- Foreldraráð
- Foreldrafélag
- Foreldraviðtöl
- Foreldrafundir
- Bókin mín
- Ferðabangsi
- Kaffidagar
- Skipulagsdagar
- Að koma með og sækja
- barn í leikskólann

8 VIÐBURÐIR

9 SAMSTARF

1 UM
LEIKSKÓLANN
JÖKLABORG

Leikskólinn Jöklaborg tók til starfa 11. október 1988 en formleg opnun hans var í Höfða 2. desember sama ár. Í upphafi var leikskólinn þriggja deilda leikskóli með 89 börnum alls. Ein deild Heimakot, var dagheimilisdeild fyrir 17 börn frá eins árs til sex ára og voru þau allan daginn. Einnig voru tvær leikskóladeildir þ.e. Heimasel og Heimaból fyrir börn sem voru hálfan dag, annað hvort fyrir hádegi eða eftir hádegi. Þá var gert ráð fyrir 17 tveggja til sex ára börnum fyrir hádegi og 19 börnum þriggja til sex ára eftir hádegi á hvorri leikskóladeildinni. Deildir leikskólans voru opnaðar á misjöfnum tíma sem markaðist af því hve erfitt var þá að fá fólk til starfa og því að áhersla var lögð á að ráða eingöngu leikskólakennara í deildarstjórn á allar deildir áður en starfsemi hæfist.

Heimakot var opnuð fyrst, þ.e. 11. október 1988 og síðan voru Heimaból og Heimasel opnaðar 28. febrúar 1989 en einungis fyrir hádegi og var önnur leikskóladeildin opnuð eftir hádegi 26. september 1989 og hin 7. mars 1990. Síðar var byggt við leikskólann og opnaðar voru tvær nýjar deildir í mars 2001, Heimahöll og Heimahlíð. Í dag er leikskólinn Jöklaborg sex deilda leikskóli því fljótlega eftir að byggt var við var Heimahlíð skipt upp í tvær deildir og Heimalundur varð þannig sjötta deildin. Þrjár deildir eru fyrir börn á aldrinum eins til þriggja ára og þrjár deildir fyrir börn á aldrinum þriggja til sex ára. Alls eru 108 börn í leikskólanum.

Leikskólinn Jöklaborg starfar samkvæmt lögum og reglugerðum um leikskóla (nr. 90/2008). Lögin kveða á um að leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og starfar í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla.

” Í leikskólastarfi mynda hugtökin uppeldi, umönnun og menntun eina heild. Börnum er sýnd virðing og umhyggja og þau fá hvatningu og viðfangsefni við hæfi. Litið er á þau sem fullgilda þátttakendur í samfélagi leikskólans.“

AÐALNÁMSKRÁ
LEIKSKÓLA 2011

LEIÐARLJÓS REYKJAVÍKURBORGAR

Reykjavíkurborg setur sér það markmið og leiðarljós að í leikskólum borgarinnar sé unnið metnaðarfullt fagstarf þar sem hverju barni er mætt á eigin forsendum. Áhersla er á virkt foreldrasamstarf með virkri þátttöku foreldra og að í leikskólunum starfi vel menntað og áhugasamt starfsfólk.

Deildirnar heita Heimahlíð, Heimalundur, Heimahöll, Heimakot, Heimasel og Heimaból. Fyrstu árin var leikskólinn opinn frá kl. 7:30 - 18:30 en breyttist fljótt í 7:30 - 18:00. Opnunartíminn er núna frá 7:30 - 17:00.

Leikskólinn Jöklaborg
Jöklaseli 4, 109 Reykjavík
Sími: 411-3250/557-1099
Netfang: joklaborg@reykjavik.is
Heimasíða: www.joklaborg.is

Leikskólastjóri: Anna Bára Pétursdóttir

Aðstoðarleikskólastjóri: Eyrún Signý Gunnarsdóttir



Lógó Jöklaborgar

Hönnuður lógósins er Helga Unnarsdóttir leirkera-smiður. Foreldrafélag Jöklaborgar efndi til samkeppni 2003 og var hugmynd Helgu valin. Hún segir hugmyndina að merkinu vera þá að öll standi börnin saman þar sem „Gróandinn grær“, og haldi nafni leikskólans á lofti. Hún hugsaði það sem lifandi lógó þannig að hægt er að taka út úr eitt barn og hafa sér t.d. nota það sem skilaboðaskjóðu.

Námskrá Jöklaborgar er unnin af starfsmönnum leikskólans og börn leikskólans komu að námskránni með þeim hætti að þau svöruðu spurningum er tengjast grunnþáttum menntunar. Hluta námskrárinnar unnu leikskólastjórar leikskólanna í Seljahverfi saman. Foreldrar komu að námskrárgerðinni þannig að foreldraráð las hana yfir og gaf umsögn um hana. Á grunni aðalnámskrár leikskóla gefin út 2011 af mennta- og menningarmálaráðuneyti er námskrá Jöklaborgar unnin. Námskrá þessi tekur við af námskrá sem kom út árið 2009.

2 HUG- MYNDAFRÆÐI

Hugmyndafræðilegar áherslur Jöklaborgar byggja á hugmyndum ýmissa fræðimanna og eru meginkenningar komnar frá Sergio-vanni varðandi stjórnun leikskólans, Jean Piaget og John Dewey um það hvernig börn tileinka sér þekkingu og nám. Urie Bronfenbrenner um gagnvirkt samspil einstaklingsins við umhverfi sitt. Beritar Bae með hugmyndafræði varðandi samskipti sem fyrst og fremst eiga rætur að rekja til gagnvirkniskenninga og þróunar sjálfsins. Thomas Gordon setur fram hugmyndir varðandi samskipti og ákveðna samtalstækni sem leiðir til gagnkvæmrar virðingar í samskiptum. Mihaly Csikszentmihalyi með kenningar um flæði (flow) sem verið er að byrja með í Jöklaborg.

LEIÐARLJÓS JÖKLABORGAR: GLEÐI - VIRÐING - SKÖPUN

Í Jöklaborg er kappkostað við að gleði sé ríkjandi í starfi leikskólans og að starfsmenn leggi sig fram við að kalla fram það góða hjá hverjum einstaklingi. Að hafa gaman saman er lykilatriði í hverju verki. Gleðin liggur m.a. í því að börnin finni hæfileikum sínum farveg og fái tækifæri til að njóta sín sem einstaklingar. Virðing fyrir hverjum einstaklingi, skoðunum hans, löngunum og verkum er lykilatriði í starfi leikskólans. Sköpun er í hávegum höfð í starfi Jöklaborgar og nær til þess að vera skapandi í hugsun, gjörðum og verki. Leiðarljós leikskólans á að koma fram í öllu starfinu þ.e. með börnunum, í samstarfi starfsmanna og foreldra.

**EINKUNNARORÐ
JÖKLABORGAR**

” Að vera í skóla er ekki undirbúningur undir lífið, það er lífið”

John Dewey

Stjórnun leikskólans tekur mið af stefnu þar sem áhersla er lögð á mannauð, að starfsmenn vinni sem ein heild með sameiginlega sýn og gildin séu öllum ljós. Lýðræði skipar stóran sess í öllu starfi leikskólans, framlag hvers starfsmanns er mikils metið og viðurkennt að við erum ólík. Hæfileiki hvers og eins fái að njóta sín og samfélag innan leikskólans gefi einstaklingnum færi á að vaxa og þroskast, m.a. með að axla ábyrgð, með þátttöku í verkefnum og að valdi sé dreift. Fagleg stýring er viðhöfð, t.d. með leiðbeiningum, þekkingarmiðlun og fræðslu. Áhersla er lögð á að gæði verkefna sé í fyrirrúmi og starf leikskólans sé merkingarbært og þar viðgangist þróun en ekki stöðnun. Lærdómssamfélag þar sem starfsmenn bera sameiginlega ábyrgð á námi barna og hvers annars. Mannauðsstefna og þjónandi forysta eru stjórnunarstefnur sem horft er til. Áherslur mannaúðsstefnunnar eru, m.a. þær að kennarar vilji vinna að þýðingarmiklum markmiðum, bera ábyrgð og vera skapandi í störfum sínum. Áhersla þjónandi forystu er að þjóna og mæta þörfum samstarfsfólks og ná markmiðum fyrirtækisins með þeim hætti.

Samskipti grundvallast á hugmyndum Beritar Bae sem er norskur lektor og hefur gert margar rannsóknir á samskiptum barna og fullorðinna í leikskólum. Horft er til mikilvægis góðra samskipta í starfi með börnum, foreldrum, starfsmanna á milli og öllum samstarfsaðilum. Berit Bae telur að viðhorf, viðmót og öll framkoma starfsmanna í leikskólanum gagnvart börnum og starfsfélögum skapi forsendur fyrir þróunarmöguleikum þessara aðila. Hún telur mikilvægt að í samskiptum ríki viðhorf sem stuðli að því að allir hafi rétt til að njóta eigin reynslu, upplifana, hugsana og gjörða. Kenning Beritar Bae „Gagnvirkniskenning” hefur með að gera að ein-

staklingurinn þrói sitt „sjálf“ í gagnvirku samspili við annan einstakling. Hún leggur áherslu á samskipti barn/barn og barn/fullorðinn. Lykilhugtök í kenningu hennar segir hún að varpi ljósi á hvað gerist í samskiptunum. Þau eru: Nálægð, viðurkenning, staðfesting, skilgreiningarvald/binding, ígrundun/aðgreining.

Hugtök þessi eru gildishlaðin en skapa eina heild þegar horft er til samskipta almennt. Starfsmaður þarf virkilega að vilja kynna barni af heilum hug, mynda sér ekki fyrirfram skoðun á barninu. Hann þarf að leyfa barni að vera sérfræðingur á sínum eigin skoðunum, tilfinningum, reynslu og upplifun. Barn er háð viðbrögðum starfsmanns út frá því að hinn fullorðni er í ákveðinni valdastöðu gagnvart barninu. Starfsmaður þarf stöðugt að muna að ígrunda hvað hann gerir, hvernig hann svarar barni og forðast hér og nú viðbrögð. Hann þarf að vera meðvitaður og aðgreina hvað sé hans skoðun og tilfinningar frá skoðunum og tilfinningum annarra. (Sjá nánar á heimasíðu Jöklaborgar - Kenningar Beritar Bae).

Ég skilaboð og virk hlustun, er samskiptaform sem byggir á gangkvæmri virðingu í samskiptum. Thomas Gordon var bandarískur sálfræðingur og var brautryðjandi í kennslu í samskiptahæfni einstaklingsins. Hann talaði um mikilvægi þess að nota virka hlustun í samskiptum „það að tala er silfrið og að hlusta sé gullið“. Áhersla er á að nota virka hlustun og ég skilaboð í Jöklaborg. „Ég skilaboð“ byggja á því að talað er út frá fyrstu persónu í stað annarrar „ég vil að þú hættir að meiða hann Sigga“.

Með virkri hlustun er hlustað af hluttekningu og nákvæmni til að öðlast skilning á viðkomandi og meta

viðhorf hans. Barnið er hvatt til að hugsa sjálft og finna eigin leiðir og lausnir, með því móti er ýtt undir samkennd, barnið er hvatt til að setja sig í spor annarra.

Víxlverkun - einstaklings og umhverfis er kenning sem Urie Bronfenbrenner bandarískur sálfræðingur setti fram. Hann taldi þróunarferli og þroskabraut einstaklings mótast af samspili milli einstaklings og umhverfis. Taldi hann að þetta samspil hefði áhrif m.a. á gjörðir barns. Barn getur sýnt neikvæða hegðun í ákveðnum aðstæðum, en verið kátt og hresst og leikið við hvern sinn fingur við aðrar aðstæður. Hann taldi einstaklinginn hafa gífurlega mikla aðlögunarhæfileika og var upptekinn af vitrænni þróun, tilfinninga og siðgæðisþroska einstaklingsins. Bronfenbrenner talar um að innihald vinnu og starfs með börnum skipti máli, að það sé innihaldsríkt og merkingarbært fyrir barnið. Hann vill meina að barn læri meira hjá þeim kennara sem það er í nánum tengslum við. Þegar um víxlverkun er að ræða þá er kennarinn að læra líka.

NÁM BARNA

Sýn starfsmanna Jöklaborgar á nám barna er að hvert barn er tilbúið að læra strax frá fæðingu og jafnvel fyrr, börn eru hæfileikarík og tilbúin að takast á við lífið. Uppgötvunarnám þar sem barnið fær tækifæri til að gera sjálft, lærir af eigin reynslu, virkni og áhuga.

Megininntak kenningar Jean Piaget sem var þroskasálfræðingur og heimspekingur er að hann lítur á barnið sem rannsakanda sem öðlast upplýsingar í gegnum persónulega reynslu, og notar upplýsingarnar til að fá sína mynd af heiminum. Hann segir að barnið hafi meðfædda löngun til að takast á við umhverfi sitt til að öðlast

þekkingu á því og að virkni einstaklingsins og áhugahvöt sé frumhvatning til athafna.

John Dewey var bandarískur heimspekingur, sálfræðingur og uppeldisfrömuður og mikill lýðræðissinni. Hann taldi að barnið ætti að læra af eigin reynslu, virkni og áhuga einnig að börn lærðu best ef þau fengu tækifæri til að velja sér viðfangsefni og sýna frumkvæði. Hann átti þessi frægu orð „Learning by doing”. Hann lagði mikla áherslu á að skapa nán og lifandi tengsl milli þjóðfélags og leikskólans, þar sem samvirkni barnsins, upplandans og samfélagsins væri virt. Þannig fengi barnið tækifæri á að taka virkan þátt í samfélaginu, ekki bara með því að taka á móti heldur einnig með því að vera þátttakandi.

Ungversk/ameríski sálfræðingurinn Mihaly Csikszentmihalyi hefur sett fram kenninguna um flæði (flow). Hann telur að það veiti barni hamingju þegar nám þess fari þannig fram að barn nái að einbeita sér algerlega við verkefni og þegar það er áskorun hjá barni að vinna það. Barn þarf að fá tækifæri til að einbeita sér og dýpka sig í verkefnum. Reynslan sem barn öðlast í ferlinu er svo gefandi að barnið leggur töluvert á sig til að upplifa hana aftur. Það að hæfni barnsins fari saman við viðfangsefnið skiptir máli. Mikil áhersla er lögð á lýðræði í þessari hugmyndafræði.

STARFSMANNASTEFNA

Áhersla er lögð á liðsheild, jákvæðan starfsanda og lærdómsríkt samfélag þar sem virðing fyrir hverjum einstaklingi er í fyrirrúmi. Markmið starfsfólks er:

- Að samfélag starfsmanna og starfsgrundvöllur sé skýr og öllu starfsfólki ljós.
- Að viðurkennandi samskipti ríki meðal starfsfólks.
- Að starfsfólk tileinki sér samskiptaform sem felst í „virkri hlustun” og „ég skilaboðum”.
- Að líta á gagnrýni og leiðbeiningu sem tæki til að rýna til gagns.
- Að mannauður hvers og eins fái notið sín.
- Að leikgleði starfsfólks sé til staðar.

Starfsfólk er sammála að eftirfarandi skiptir máli:

- Að tekið sé vel á móti nýju starfsfólki, því kynnt starfið og helstu reglur sem viðkoma starfinu. Halda nýliðanámskeið fyrir nýtt starfsfólk innan mánaðar frá því það byrjar.
- Að starfsfólk veiti hvert öðru leiðbeiningu, hvatningu og stuðning sem skilar sér í betri líðan og árangri í starfi. Skipulögð starfsviðtöl leikskólastjóra við starfsfólk séu einu sinni á ári.
- Að skemmtinefnd starfsfólks sé starfandi.
- Að nýta skipulagsdaga m.a. í mat á starfinu, fræðslu, námsferðir, og þannig viðhalda símenntunaráætlun starfsmanna.

3 LEIKUR & NÁM

I daglegu starfi leikskólans er lögð áhersla á að leikur barna fái viðeigandi tíma og nægjanlegt rými. Hlutverk starfsmanna er m.a. að vera vakandi fyrir þeim tækifærum sem upp koma í leiknum og nota þau til að kveikja áhuga hjá börnunum og styðja við nám þeirra. Starfsfólk þarf að stuðla að jafnrétti barna í leik, þeir eru fyrirmynd í lýðræðislegum starfsháttum og þurfa að hvetja börnin til að þróa færni sína í lýðræðislegum vinnubrögðum.

Leikurinn

Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins, lífstjáning og gleðigjafi barns. Frjáls og sjálfsprottinn leikur er barninu eðlislægur. Mikilvægt er að börn fái að njóta bernsku sinnar í leik. Í sjálfsprottnum leik gefst tækifæri til að læra samskiptareglur, félagsfærni og að gefa og þyggja ásamt því að málproskinn eykst. Leikurinn endurspeglar reynsluheim barnsins sem og ímyndunarafl. Börn læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu. Fjölbreyttur efniviður verður að vera til staðar svo sköpunargleði og ímyndunarafl fái að njóta sín. Mikilvægt er að starfsfólk styðji við sköpunina sem er í leiknum með því að leyfa ímyndunarafli barna að þróast í leiknum. Leikurinn mótast oft af hugmyndauðgi barna og sköpunarmætti og hæfni þeirra til að sjá ný tengsl og nýjar leiðir. Gefa þarf leiknum rúman tíma. Leikur barna fer fram inni sem úti.

Val

Val er einu sinni í viku. Börn eldri en þrjú ára velja sér þá eftir ákveðnu kerfi að fara á aðrar deildir leikskólans til að leika. Áherslur valsins er: að barnið fái tilbreytingu í

leikaðstæðum, að barnið kynnist húsnæðinu og möguleikum þess, að barnið kynnist betur öðrum börnum og starfsfólki leikskólans. Val barnanna er skráð og því hægt að fylgjast með þeirra vali. Börnin koma saman til að velja og eru notuð litaspjöld, hver deild með sinn lit, punktar eru á litaspjöldunum sem marka hve mörg pláss eru á hverri deild. Börnin fá klemmu með nafninu sínu á og þegar kemur röðin að þeim fara þau og setja klemmuna á einn punktinn. Þegar allir eru búnir að velja fara þau í lest með lestormiða merkt þeirri deild sem þau eru á. Lestin fer af stað um húsið og börnin fara úr henni þegar stoppað er hjá þeirri deild sem þau völdu. Valið er í eina og hálfu klst.

Flæði

Flæði er ný nálgun leikskólans til að ná betur yfir grunnþætti menntunar s.s. málþroska, læsi og lesskilning, verk-, tækni- og listnáam, lýðræði, jafnrétti og mannréttindi – fjölmenningu. Flæði er einu sinni í viku þar sem börnin geta valið sér svæði þar sem þessir þættir náms eru í boði. Á svæðunum eru verkefni og tilboð sem tengjast þessum þáttum.

Könnunarleikur – Yngstu börnin

Í könnunarleik sem er fyrir börn á aldrinum eins árs til þriggja ára eru börnin rannsakendur. Þau eru nokkur saman í hóp með óhefðbundið leikefni s.s. kökubox, eggjabakka, pappahólka, köngla, gamla lykla og ýmis plastílát. Börnin skoða, handfjatla, rannsaka og gera alls-lags tilraunir með þennan efnivið í ákveðin tíma án íhlutunar starfsmanns sem situr til hliðar. Í könnunarleik fá börnin tækifæri til að uppgötva eiginleika og eðli hluta á eigin forsendum og örva öll skynfæri, æfa notkun orða og hugtaka í rólegu umhverfi. Elinor Goldschmied sem er breskur uppeldisfræðingur útfærði þessa leikjaaðferð.

Verkefnavinna

Öll börn eru í verkefnastundum þar sem verið er að vinna að ýmsum verkefnum tengt aldri og getu barna. Unnin eru þematengd verkefni, málrækt, læsi, stærðfræði, samskipti, ritun, listsköpun og ýmis einbeitingarverkefni. Börnunum er ýmist skipt í hópa eftir aldri eða blandaður aldur eftir því hvað verið er að vinna.

Leikjastund

Öll elstu börn leikskólans fara saman í Leikjastund í sal einu sinni í viku. Farið er í skipulagða hreyfi- og söngleiki. Markmið Leikjastunda er m.a. að efla félagsfærni barna, að öll elstu börn leikskólans hafi tækifæri að leika og læra saman í stærri hóp og kynnist hvert öðru. Að þau fái tækifæri til að gleðjast saman, vinna saman og læra að taka tillit til hvers annars.

Vinastund

Einu sinni í viku hittast allir í leikskólanum, börn og starfsmenn í salnum og syngja saman. Börn hverrar deildar skiptast á að vera með atriði vikulega. Markmið Vina- stundar er að hitta alla sem eru saman í leikskólanum, hafa gaman saman og að læra hvert af öðru. Allar Vina- stundir byrja og enda eins, með söng sem allir syngja saman. Oft er Vinastund líka notuð sem vettvangur nýrra tíðinda. Börnin læra nýja texta og söngva.

Hreyfistund

Öll börn leikskólans fara í Hreyfistund í sal einu sinni í viku. Börnin fá útrás fyrir hreyfingu sem reynir á styrk þeirra, þol og snerpu. Markvisst er unnið með hreyfi- færni og líkamsvitund ásamt því að styrkja sjálfsmynd barna. Hreyfistundir eru mismunandi eftir aldri barnanna.

4 GRUNN- ÞÆTTIR MENNTUNAR

I Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 eru settir fram sex grunnþættir menntunar sem tengjast innbyrðis og fléttast inn í allt skólastarf og eiga að endurspeglast starfshætti leikskóla. Grunnþættirnir eru sýnilegir í öllu skólastarfi og vinnubrögð kennara og annarra sem þar starfa mótast út frá þeim. Með því er stuðlað að sjálfstæði, frumkvæði og þróun í leikskólastarfi. Grunnþættirnir eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

JAFNRÉTTI

Jafnréttismenntun felur í sér þau markmið að skapa jöfn tækifæri fyrir alla til að þroskast og rækta hæfileika sína. Skólar verða að sjá til þess að engar hindranir standi í vegi barna. Mikilvægt er að draga fram fjölbreytileikann og fagna því að við búum í fjölmeningarsamfélagi og hafna einsleitni.

LÝÐRÆÐI & MANNRÉTTINDI

Gert er ráð fyrir því að börnin læri um lýðræði í lýðræði. Skólar þurfa því að stuðla að lýðræðislegri hugsun í öllum námsþáttum. Allir eiga að búa við mannréttindi og fá tækifæri til að hafa áhrif á líf sitt og samfélag. Lýðræðislegir skólar byggja upp lærdómssamfélag.

SJÁLFBÆRNI

Við erum með jörðina að láni og mikilvægt er að henni sé skilað til komandi kynslóðar í ekki lakara ástandi en

tekið var við henni. Mikilvægast í sjálfbærni menntun er að gera börnin að virkum borgurum með því að skapa samábyrgð og gera þau meðvituð um gildi og viðhorf.

LÆSI

Hugmyndir manna um læsi hefur breyst og er það í takt við samfélagslegar breytingar þar sem tölvur og stafræn samskipti eru orðin hluti af daglegum venjum fólks. Í leikskólum er byggður upp grunnur að læsi, svokallað bernskulæsi. Með bernskulæsi er leikurinn notaður sem félagslegt fyrirbæri, en nám og leikur eru óaðskiljanlegir þættir. Börnin eru virkir þátttakendur í því að umskapa og umskrafa heiminn, læsi snýst um að skapa eigin merkingu.

SKÖPUN

Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafli og leika sér með möguleikana. Mikilvægt er að virkja hjá börnunum forvitni, sjálfsköpun og í að gera eitthvað nýtt. Sköpun á sér stað í öllum námsþáttum ekki eingöngu í listgreinum. Leikurinn er mikilvæg námsleið og opnar nýjar víddir. Hlutverk kennara er að hvetja börnin í að sína frumkvæði og skapandi hugsun og bjóða upp á fjölbreyttan efnivið.

HEILBRIGÐI & VELFERÐ

Heilbrigði og velferð byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Byggja þarf upp jákvæða sjálfsmynd og skapa aðstæður til heilbrigðra lífshátta. Efla þarf börnin í að taka eigin ákvarðanir sem tengjast heilbrigðu lífverni. Bjóða skal upp á heilsusamlegt mataræði, tekið skal mið af þörfum allra.

5 SAMÞÆTT & SKAPANDI SKÓLASTARF

I gegnum leikinn lærum við! Leikurinn er hornsteinn leikskólustarfsins, lífstjáníng og gleðigjafi barns. Frjáls og sjálfsprottinn leikur er barninu eðlislægur. Leikurinn endurspeglar reynsluheim barnsins sem og ímyndunarafl. Í sjálfsprottnum leik gefst tækifæri til að læra samskiptareglur, félagsfærni og málþroski eykst. Efniviður verður að vera til staðar sem eflir sjálfsprottinn leik og gefa þarf tíma til leiksins.

Námssvið leikskólans eru fjögur, *Læsi og samskipti*, *Heilbrigði og vellíðan*, *Sjálfbærni og vísindi* og *Sköpun og menning*. Þau eiga að vera samþætt og samofin öllu starfi leikskólans og taka mið af grunnþáttum menntunar. Þau byggjast á skapandi og gagnrýnni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum í leikskólanum.

LÆSI OG SAMSKIPTI

Börn eru félagsverur og hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra, þau nota ýmsar leiðir til tjáskipta. Í gefandi samskiptum og leik styrkjast félagsleg samskipti. Læsi í víðum skilningi er mikilvægur þáttur í öllum samskiptum. Læsi í leikskóla felur í sér að auka þekkingu, leikni og hæfni barna til að geta lesið í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.

Starfsmenn í leikskólum þurfa að skapa aðstæður fyrir barnið svo það fái tækifæri til að vinna úr reynslu sinni í leik og skapandi starfi og leysa úr ágreiningi við jafningja á friðsamlegan hátt. Einnig að börn fái tækifæri til að tjá sig með fjölbreyttum hætti og velta vöngum yfir eigin

samfélagi og menningu og menningu annarra þjóða.

Börn þurfa að fá að njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri og ræða málefni og hlusta á aðra. Þau þurfa að fá að leita eftir merkingu orða og orðasambanda, ríma og átta sig á hljóðum stafa. Þá þurfa þau að geta nálgast upplýsingar með ólíkum leiðum og móta sér hugmyndir um þær.

Daglega er lesið fyrir börnin, notaðar eru opnar spurningar sem hvetja börn til að segja frá og tjá sig. Kennarar nota tækifæri sem gefast til að ræða hluti og nota innihaldsríkt mál og orðaforða. Þeir byggja samtöl á gagnvirkum samskiptum við börnin og stofna til heimspekilegra umræðna.

Áhersla er lögð á að nota „tákn með tali“ með börnunum, sérstaklega með yngstu börnunum. Námsumhverfi leikskólans er mjög læsishvetjandi og styður við máltöku og málþroska barna þar sem innihaldsríkt samskipti eru viðhöfð. Sjónrænt skipulag er á hverri deild sem auðveldar börnum að átta sig á tímaröð atburða dagsins og þannig að lesa í umhverfi sitt. Ritmál er sýnilegt á öllum deildum, unnið með sögur, söng, ljóð og ævintýri.

„Læsisstefna skóla- og frístundasviðs „Lesið í leik“ er stefnumarkandi fyrir starfsmenn leikskóla í Reykjavík. Þar kemur fram að huga þurfi að því að börnum fari stöðugt fram í öllum þáttum máls og varast að einblína á einstaka þætti umfram aðra. Bernskulæsi er skilgreint þannig að það feli í sér ákveða færni, þekkingu og viðhorf sem þroskast sem undanfari eiginlegs lestrar og ritunar. Bernskulæsi felur í sér skilning á læsistengdum hugtökum

og tekur til hefðbundinna læsiþátta; hjóðkerfisvitundar, bókstafabekkingar, umskráningar, orðaforða, mál-skilnings og ritunar. (Lesið í leik, bls.3).

Læsisáætlun Jöklaborgar er unnin út frá læsisstefnu skóla- og frístundasviðs. Þar koma fram læsismarkmið Jöklaborgar sem eru:

- Að efla læsi í víðum skilningi
- Að efla samskiptafærni og læsi á fjölbreytta menningu
- Að stuðla að lýðræðislegum samskiptum
- Að stuðla að mismunandi tjáningarleiðum
- Að stuðla að umhverfislæsi

Ritmálsmarkmið Jöklaborgar eru:

- Að styðja við áhuga og það sem fangar barnið varðandi ritmál.
- Að viðhalda markvissu ritmálsumhverfi sem styður börnin í námi um tilgang bókstafa og orða.

Jöklaborg er þátttakandi í verkefninu „Læsi allra mál“ sem er samvinnuverkefni leikskóla og grunnskóla í Breiðholti undir stjórn fagaðila í Þjónustumiðstöð Breiðholts. Markmið verkefnisins er að samræma leiðir til að efla þjálfun og kennslu í leik- og grunnskólum Breiðholts varðandi mál og læsi. Sérkennslustjóri og þrír deildarstjórar sitja í teymi sem sér um og skipuleggur þennan þátt.

HEILBRIGÐI OG VELLÍÐAN

Í leikskóla eiga börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan, hún getur veitt gleði og ánægju. Hún er stór þáttur af daglegu starfi í leikskóla og mikilvægt er að veita börnum tækifæri til að hreyfa sig bæði með skipulögðum hreyfistundum og frjálst. Jákvæð samskipti er lykilþáttur í því að skapa vellíðan og hefur áhrif á heilbrigði og velferð. Leikskóli með skólabrag þar sem viðhöfð eru jákvæð samskipti, vinátta, virðing, samhygð og umbyrðarlyndi eykur líkur á vellíðan.

Starfsmenn leikskólans eru fyrirmyndir í allri sinni vinnu. Þeir þurfa að stuðla að heilbrigði og vellíðan með margvíslegum hætti. Þeir þurfa að vinna að því að styrkja sjálfsmynd barna með því að efla gagnrýna hugsun og styrkja hvert barn í þeirri sýn að enginn er eins. Starfsmenn þurfa að sýna umhyggju, sjá um persónulega umhirðu barnanna, sýna tilfinningalegt jafnvægi og hafa viðurkennandi og jákvæð samskipti að leiðarljósi. Ástunda fjölbreytta hreyfingu með börnunum svo og slökun og hvíld. Hreinlæti er mikilvægur þáttur í starfi leikskólans. Handþvottur er mikilvægur sérstaklega fyrir matmálstíma og eftir salernisferðir svo og útiveru.

Útivera er áætluð alla daga vikunnar og þarf að gæta að því að hún sé ögrandi og krefjandi fyrir börnin. Skipulagðar gönguferðir eru farnar. Farið er í vettvangsferðir með litla hópa og einnig er ferðahópur í flæði sem fer á vit ævintýra og skoðar náttúruna og það sem fyrir augu ber. Salur leikskólans er mikið notaður til hreyfingar þar sem hreyfistundir eru fyrir öll börn. Ýmist er um að ræða

skipulagðar stundir eða farið í leiki, leikið frjálst eftir því hvað börnin velja. Íþróttadagur er tvisvar á ári þar sem leikskólanum er breytt í allsherjar þrautabraut og börnin spreyta sig á henni.

Elstu börn leikskólans fara ásamt starfsmönnum leikskólans einu sinni í viku yfir vetrartímam í íþróttasal Seljaskóla og eru þar í fjölbreyttum íþróttum á vegum íþróttafélagsins ÍR. Þetta samstarf við ÍR er endurskoðað reglulega.

Áhersla er lögð á að matmálstímar séu góð félagsleg stund þar sem vellíðan og heilbrigði er viðhaft og þar fer líka fram mikið nám, bæði málörvun og fræðsla. Þar eiga starfsmenn og börn samtál um heima og geima, um matinn, hollustu matarins og hvatt er til þess að smakka matinn.

Hafðar eru til hliðsjónar handbækurnar „Handbók fyrir leikskólaeldhús“ og „Gæðahandbók skólaeldhúsa“ varðandi matartilbúning og gæðaeftirlit.

Heilsueflandi Breiðholt

Dróunarverkefnið „Heilsueflandi Breiðholt“ er verkefni sem Jöklaborg ásamt fleiri starfsstöðvum og félagsamtökum í Breiðholti taka þátt í. Markmiðið er að stuðla að heilbrigði og velferð í samfélaginu og innleiða forvarnastefnu ásamt tímasettri aðgerðaráætlun. Aðaláhersla er lögð á fjóra þætti, næringu, hreyfingu, líðan og lífsstíl. Hver þáttur er tekinn fyrir hvert skólaár. Verkefnastjóri frístunda- og félagsauðs á þjónustumiðstöð Breiðholts hefur umsjón með verkefninu og leiðir vinnu við aðgerðaráætlunina. Stefnit er að því að allir leik- og grunnskólar ásamt Fjölbrautaskólanum í Breiðholti verði heilsueflandi skólar. Áætlað er að innleiðing og mat á verkefninu taki fjögur ár.

SJÁLFBÆRNI OG VÍSINDI

Leikskólinn hefur það hlutverk að styðja við fróðleiksporsta barna með því að fylgjast með og hlusta eftir áhugasviði barnanna. Kennarar í leikskóla þurfa að undrast með börnunum, ýta undir forvitni, ígrundun og vangaveltur og hvetja þau til að spyrja spurninga og leita mismunandi lausna. Börn eru sífellt að beita ýmsum aðferðum við að kanna og auka skilning sinn á umhverfi sínu. Þau horfa, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Mikilvægt er að kenna börnum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og skapa þeim tækifæri til að upplifa og njóta. Hlutverk kennara er að kenna börnum að átta sig á því hvernig vistspor þeirra og nærsamfélag geta stuðlað að sjálfbærri þróun.

Í Jöklaborg eru börnin hvött til að velta fyrir sér umgengni sinni við náttúruna og bera virðingu fyrir henni og umhverfinu í kringum sig. Börnin eru hvött til að skoða, þreifa á og rannsaka umhverfi sitt s.s. lífverur í umhverfinu og lífshætti þeirra og fara vel með viðkvæman gróður. Ýmislegt er gert til að sýna börnunum mikilvægi þess að fara vel með hluti, s.s. slökkva ónauðsynlegt ljós til að spara orku, láta vatnið ekki renna ef ekki er verið að nota það, safna saman endurnýtanlegum efnivið og fara með í endurvinnslu. Starfsmenn og börn eru þátttakendur í „Grænum skrefum“ sem snýst, m. a. um að efla vistvænan rekstur starfsstaða Reykjavíkurborgar. Í útikennslu og ferðahópum er farið í ýmsar ferðir, náttúran skoðuð og rannsókuð, börnin upplifa náttúruna og njóta hennar. Vísindastarf er fjölbreytilegt, s.s. eru börnin að átta sig á rými, fjarlægðum og áttum, skoða eiginleika ýmissa efna

og hluta og velta vöngum yfir möguleikum og takmörkunum tækninnar. Börnin leika með vatn, t.d. setja vatn í form, poka og frysta, rannsaka og upplifa svo þegar frosið vatn er að bráðna. Þau rannsaka hvað sekkur og hvað flýtur. Börnin taka stöðu veðurs daglega og velta vöngum yfir í hvaða fatnað skuli klæðast til útiveru. Þar læra þau ýmis hugtök s.s. úrkoma, væta, súld, haglél, hundslappadrífa, úði, steypiregn.

Yngstu börnin í leikskólanum handfjatla ýmis óhefðbundið leikefni í könnunarleik. Þar eru þau að rannsaka og uppgötva á eigin spýtur eiginleika leikefnis, s.s. kökubox, lykla, keðjur sem heyrast mikið í og svo pappahólka, rör, hárrúllur og skeljar. Í könnunarleik eru börnin að fylla og tæma, setja saman, velja og hafna, finna hvað er líkt og ólíkt, stafla hlutum og láta þá halda jafnvægi. Unnið er með stærðfræðleg viðfangsefni, s.s. tölur, tákni og mynstur. Börnin leika gjarnan með að flokka og raða hlutum þau telja diska og hnífapör þegar lagt er á borð. Unnið er með tölur og talnaskilning. Einingakubbar er opinn efniviður og er á öllum deildum leikskólans. Þeir veita tækifæri til ýmiskonar rúmfræðilegra tilrauna eins og að byggja hús úr þeim. Þeir eru notaðir í byggingaleik þar sem börnin vega og meta hve langa kubba þau þurfa og geta notað. Stærðfræðileg hugtök eru gjarnan notuð þar sem börnin eru að telja hvað marga kubba þarf, hvað margir eru beinir eða bognir. Hlutverk kennara er að skapa tækifæri til að ígrunda og dýpka stærðfræðina sem sprettur úr daglegu umhverfi barnsins.

SKÖPUN OG MENNING

Sköpun og menning eru samofin öllu starfi í leikskóla og mikilvægt er að starfsfólk geri barninu kleift að nálgast viðfangsefnin frá mörgum hliðum og á eigin forsendum. Sköpun er mikilvægur þáttur í lífi barnsins og hvetja skal til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða hjá börnunum. Sköpun byggist á uppgötvun, gagnrýnni hugsun, rannsókn og ótal aðferðum sem sífellt opna nýjar leiðir. Starfsfólk þarf að vera forvitið með börnunum og hafa getu í að leika af fingrum fram. Börn eru gullmolar og er það hlutverk kennara að fá gullið til að glóa. Kennarar þurfa að gefa barninu tækifæri til að njóta þess að taka þátt í skapandi ferli og finna ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti. Þeir þurfa að bjóða upp á margvíslegan efnivið og nýta fjölbreytta tækni til sköpunar.

Í Jöklaborg er sérstök áhersla lögð á sköpun og er það eitt af þremur leiðarljósum leikskólans, sköpun í víðum skilningi, þ.e. skapandi í hugsun, gjörðum og í verki. Sandkassinn úti er uppspretta sköpunar. Þar skapa börnin með sandi og vatni. Elstu börnin hafa verið í samstarfi með leirkerasmið í hverfinu sem hefur kennt þeim ýmislegt um hvernig hægt sé að vinna með leir og boðið þeim á vinnustofu sína ásamt því að bjóða þeim að sýna verk eftir þau á vinnustofunni sinni. Börnin gera árlega sögu- og ljóðabækur. Áhersla er lögð á að börnin njóti þess að taka þátt í skapandi ferli og finni ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti.

Notaður er fjölbreyttur efniviður til sköpunar í allskonar verk hvort heldur er tvívíddarverk eða þrívíddarverk. Má nefna málningu, þurra og blauta, fingramálningu, vatns-

liti, leir og steinleir til brennslu, gips, vír og vírnet, lím, límlakk, glerbrot í listaverk sem síðan er brennt í leir-brennsluofni. Börnin nota garn í vefnað sem þau hafa litað úr jurtum náttúrunnar og ýmis endurnýtanlegur efniviður er notaður í vinnu barna. Börnin þurfa að fá tækifæri til að læra texta, þulur og ævintýri og taka þátt í söng ásamt því að njóta bókmennta og fjölbreyttrar menningar og lista. Börnin sýna afurðir vetrarins á opnu húsi þar sem sjá má hugmyndir þeirra sem eru óþrjótandi.

Menning leikskólans tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Börnin þurfa að fá tækifæri til að vinna með listafólki á ýmsum sviðum menningar og lista. Þau þurfa að fá að skapa og tjá upplifun sína, s.s. í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu þannig að sköpunargleði þeirra fái notið sín. Börnin þurfa að fá að taka virkan þátt í að móta menningu leikskólans með hátíðum og viðburðum sem tengjast barnamenningu. Menning getur verið ólík og ber að virða það, fögnum fjölbreytileikanum og slíkt viðhorf ætti að ríkja innan veggja leikskóla. Farið er í ýmsar vettvangsferðir s.s. Árbæjarsafn, Fjölskyldu- og húsdýragarðinn og haldið er upp á ýmsa daga sem tengist þjóðarmenningu okkar, s.s. fullveldisdaginn 1. desember og bóndadaginn. (Sjá nánar bls. 22 um samstarfsaðila).

6 MAT
Á NÁMI &
VELFERÐ
BARNA

Mat á námi barna, velferð, þroska og færni þeirra er framkvæmt markvisst og reglulega. Það er samofið daglegu starfi leikskólans og er einstaklingsmiðað, unnið í samstarfi við foreldra og börnin eftir því sem við á. Leikskólinn notar fjölbreyttar aðferðir við að meta áhuga barnanna, nám þeirra og almenna stöðu. Matsaðferðin „Barnið í brennidepli“ er höfð til hliðsjónar. Notaðar eru skráningar, gátlistar, viðtöl við börnin, teikningar barna og ljósmyndir úr starfinu. Matið nær til náms og alhliða þroska barns, sjálfstæðis, tjáningar og samskipta, áhugasviðs, þátttöku í leik úti og inni, félagsfærni og samkenndar, frumkvæði, sköpunarkrafts og vali barna á svæði.

Samskiptabækur sem fara á milli heimila og leikskóla eru notaðar fyrir einstök börn, daglega eða eftir þörfum. Notast er við „Gátlista um jákvæða sjálfsmynd og félagsfærni“ fyrir elstu börn leikskólans sem síðan fylgir þeim í grunnskólann. Grunnspurningarnar hvað, hvernig og hvers vegna eru notaðar ásamt hvernig gekk, hvaða umbóta er þörf, hvernig vitum við það? Heimagerðir spurningalistar eru líka notaðir. Niðurstöður mats á stöðu barna eru lagðar til grundvallar í foreldraviðtölum og á þeim byggjast einstaklingsnámskrár sem deildarstjóri og foreldrar gera saman.

Hljóm-2 hjóðkerfisvitundarpróf er lagt fyrir öll elstu börnin í september/október, prófið er í leikjaformi. Prófið er lagt fyrir til að meta og greina þau börn sem

eru í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika. Það kannar hljóðkerfis- og málmeðvitund barna, þ.e. hvort barnið geri sér grein fyrir að tungumál hefur ákveðið form og að það skiptir ekki einungis máli hvað er sagt, heldur einnig hvernig það er sagt. Prófið er endurtekið sex mánuðum síðar hjá þeim börnum sem koma út með slaka færni. Niðurstöðurnar eru nýttar til að skipuleggja áframhaldandi málörvun og vinnu til að styðja við hvert barn. Samþykki foreldra fyrir að taka prófið er nauðsynleg.

TRAS skráningarlistinn er notaður til að fylgjast með stöðu tveggja til fimm ára barna, hann er ekki málþroska-próf heldur athugun í skráningarformi á málhegðun og málþróun hjá börnum á ákveðnum aldri. Með TRAS skráningunni er skimað eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlotun í huga. Tvisvar á ári með sex mánaða millibili skrá leikskóla-kennarar á skráningarblöð svör við ákveðnum spurningum um málþroska barna og eru þrjú færnisvið skráð: Samleikur, tjáskipti/ samskipti og athygli/einbeiting, málskilningur og málmeðvitund. Framburður, orðaforði og setningamyndun.

EFI-2 málþroskaskimunarpróf er lagt fyrir öll börn á fjórða ári. Það er ætlað til að finna þau börn sem víkja mest frá meðalfærni jafnaldra í málskilningi og máltjáningu svo hægt sé að grípa inn í með markvissri málörvun í leikskólanum og heima.

NÁM ÁN AÐGREININGAR

Eitt meginhlutverk leikskóla er að stuðla að almennri menntun barna, einnig að tryggja jafnræði allra barna í

öllu leikskólastarfi óháð líkamlegu og andlegu atgervi. Börn sem þurfa sérstakan stuðning eða sérkennslu vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika eiga rétt á slíkri aðstoð. Þarf þá viðurkenndur greiningaraðila að meta og staðfesta slíka aðstoð. Í Jöklaborg ríkir jákvætt viðhorf til margbreytileikans. Áhersla er á virðingu og viðurkenningu í garð hvers einstaklings og rétt hvers barns til leiks og menntunar. Tekið er mið af hugmyndafræði náms án aðgreiningar. Samvinna er við skóla- og sérfræðipjónustu Þjónustumiðstöðvar Breiðholts, Greiningarstöðvar og fleiri sérfræðinga eftir því sem við á hverju sinni.

SÉRKENNSLA

Í Jöklaborg er leikskólasérkennari, sérkennslustjóri sem heldur utan um alla sérkennslu í leikskólanum, þ.e. leiðbeinir sérkennsluaðilum, foreldrum og ber ábyrgð á einstaklingsnámskrám þeirra barna og að þeim sé framfylgt. Lögð er áhersla á að bregðast fljótt við ef grunur vaknar um frávik og snemmtæk íhlutun höfð að leiðarljósi í samstarfi við foreldra. Sérkennsla í leikskólanum fer bæði fram einstaklingslega og í hópum eftir því hvað hentar best hverju sinni. Lögð er áhersla á að íhlutun fari sem mest fram í daglegu starfi og leik. Fundir eru reglulega með sérkennsluráðgjafa, sálfræðingi og félagsráðgjafa Þjónustumiðstöðvar Breiðholts þar sem rætt er um úrræði og framvindu barnanna. Ráðgjöf til foreldra er veitt endurgjaldslaust frá Þjónustumiðstöð Breiðholts, það sem fer fram í viðtölum er trúnaðarmál.

MAT Á LEIKSKÓLASTARFI

Mat á leikskólastarfi skal framkvæmt með hliðsjón af lögum, reglugerð og aðalnámskrá leikskóla. Matinu er

skipt í innra og ytra mat og er liður í að framkvæma lög- bundið eftirlitsstarf skóla og skólayfirvalda. Tilgangur slíks mats er að tryggja réttindi barna og stuðla að umbótum í starfi leikskólans.

YTRA MAT

Á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar hefur verið þróað matstæki til að meta gæði leikskólastarfs en í lögum um leikskóla frá 2008 eru ákvæði um mat og eftirlit sveitarfélaga með leikskólastarfi. Ítarleg viðmið um gæði leikskólastarfs voru unnin út frá opinberri menntastefnu sem birtist í lögum um leikskóla og aðal- námskrá leikskóla (2011). Árlega eru nokkrir leik- og grunnskólar fengnir í slíkt heildarmat. Ytra mat felst í úttekt á einstökum þáttum starfs leikskólans sem Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar sér um að gera. Matið hefur tvennskonar tilgang. Annars vegar að auka gæði leikskólastarfs og styrkja innviði leikskóla með því að draga fram styrkleika og benda á tækifæri til umbóta. Hins vegar að veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði leikskólastarfsins og hvernig leikskólar framfylgja lögum, reglugerðum, aðalnámskrá leikskóla og stefnu borgarinnar í menntamálum.

INNRA MAT

Innra mat er sjálfsmat leikskólans sem framkvæmt er af starfsmönnum hans, börnum og foreldrum. Tilgangur þess mats er að leggja faglegan grundvöll, skoða hverjir séu styrkleikar í starfi og hvað má betur fara og vinna þannig að því að auka gæði starfsins. Matið nær til stjórnunar, kennslu, námskrafna, námsmats og sam- skipta. Innra mat fer fram á deildarstjórafundum, deildarfundum, skipulagsdögum. Daglega er fylgst með

alhliða þroska barna, námi þeirra, velferð og færni.

Upplýsingaöflun um stöðu barnsins er þannig samofin daglegu starfi leikskólans. Matsáætlun er gerð fyrir hvert skólaár einnig fyrir lengri tíma. Foreldrar eru upplýstir um niðurstöðu mats.

Matsáætlun Jöklaborgar fyrir næstu þrjú skólaár

Þessir þættir starfsins munu verða metnir:

- Uppeldisfræðilegar skráningar
- Þátttaka barna í leik inni og úti
- Jafnréttisstefna Jöklaborgar
- Samstarf leik- og grunnskóla
- Félagsfærni/líðan barna/samskipti
- Leikurinn
- Starfsþróun starfsmanna
- Nám, samskipti, samkennd og færni barna
- Starfsmannahandbók
- Áhugasvið barna og skoðun þeirra á námi þeirra
- Frumkvæði og sköpunarkraftur barna

7 FJÖL- SKYLDAN & SKÓLINN

I Jöklaborg er lögð áhersla á samstarf við foreldra sem byggist á gagnkvæmu trausti, skilningi og að foreldrum finnist þeir velkomnir í leikskólann.

Áhersla er lögð á að vinna saman að því að gera nám og uppeldi barnanna árangursríkt og að gleði sé hluti tilverunnar. Í Jöklaborg er áhersla lögð á gott samstarf við alla foreldra með velferð barnsins að leiðarljósi og að upplýsingastreymi sé gott og gagnkvæmt. Styrkur hvers leikskólasamfélags felst í fjölbreyttum og virkum foreldrahópi.

Lögð er áhersla á að tekið sé vel á móti börnum og foreldrum dag hvern. Heimasíða leikskólans hefur að geyma ýmsar upplýsingar, myndir og fréttir um líðandi stund og er uppfærð eftir bestu getu. Upplýsingar eru skráðar á hverjum degi á upplýsingatöflu sem er við hverja deild. Fréttabréf og tölvupóstur er sendur til foreldra með reglulegu millibili.

Sjá bæklingana *Velkomin til samstarfs um leikskólabarnið* og *Fjölskylda og leikskóli – Handbók um samstarf*.

FJÖLMENNING

Leikskólastarf í nútíma samfélagi þarf að endurspegla þann margbreytileika sem þar er daglega. Kennslu- og starfshættir þurfa að vera fjölbreyttir og gæta þarf að því að komið sé á mótis við þarfir allra barna. Starfsfólk leikskólans þarf að vera vakandi fyrir því að börn með annað móðurmál en íslensku fái tækifæri til að þróa með sér

virkt tvítyngi, þ.e. að það öðlist færni til að viðhalda og efla sitt móðurmál um leið og það nær árangri í íslensku. Líta þarf svo á að öll menning sé „fjölmennig“ og virða og viðurkenna ólíkan bakrunn barna og menningu. Í kennslu- og starfsháttum Jöklaborgar er gert ráð fyrir því að mæta þörfum allra barna og fjölskyldna þeirra. Áhersla er á að sækja þá ráðgjöf, stuðning og fræðslu sem þarf hverju sinni m.a. ráðgjöf hjá verkefnastjóra fjölmenningar skóla- og frístundasviðs. Í fyrsta foreldra- viðtali kemur fram hver staða barns er varðandi íslenskukunnáttu, líðan barnsins, þroska og getu. Túlkur er fenginn í þeim tilfellum sem þörf er á hvort heldur er í viðtölum eða með barni sem er að stíga sín fyrstu skref inn í leikskólann. Unnið er markvisst að því að byggja upp jákvæð, viðurkennandi samskipti milli foreldra, barns og starfsfólks leikskólans og gagnkvæma virðingu milli heimilis og leikskóla.

Ákveðinn starfsmaður, lykilpersóna er með barninu í fyrstu. Notaðar eru myndir af daglegum athöfnum og þær útskýrðar. Unnið er markvisst að því að kenna íslensku sem annað tungumál jafnframt að styðja við og efla móðurmál barns í samvinnu við foreldra. Bókin mín (sjá nánar bls. 18) er mikið notuð þar sem barnið getur skoðað myndir af fjölskyldu sinni og ýmsum viðburðum tengdum henni, einnig til að ná tengslum við barnið þá er leikurinn notaður m.a. til að leggja inn íslensk orð. Ýmsar leiðir eru farnar til að hafa samskipti, s.s. túlkaþjónusta, símatúlkun eða túlkur á staðinn, tvítyngdir starfsmenn, orðalistar og spjaldtölvur. Þá er sjónrænt skipulag á hverri deild sem hjálpar barni að átta sig á röðun atburða dagsins og getur síðan lært hvað þeir heita. Þekking er byggð upp með því að barnið fái náms- hvetjandi lærdómsumhverfi, þ.e. að það fái að rannsaka, skoða, skilja og ræða og leikefni sé fjölbreytt.

AÐLÖGUN

Aðlögun foreldris og barns að leikskólasamfélaginu byrjar í raun löngu áður en barnið kemur í leikskólann.

Foreldrar fá staðfestingu bréflaga um að barnið hafi fengið inni í leikskóla og með sinni staðfestingu um að þiggja plássíð er það frágengið. Í samtali við stjórnendur leikskólans er síðan ákveðin dagsetning upphafs dags leikskólagöngunnar. Kynningarfundur er að vori fyrir alla foreldra sem eru að byrja með barnið sitt í leikskólanum. Á þeim fundi er kynnt starf leikskólans og hvernig aðlögun barnanna sé háttað ásamt því að skoða húsa- kynni. Áður en barnið byrjar í leikskólanum er foreldra- viðtal þar sem farið er yfir sögu barnsins og undirritaður dvalarsamningur ásamt öðrum gögnum.

Í viðtölum þar sem annað tungumál en íslenska er töluð er boðið uppá túlkapjónustu. Aðlögun barns við upphaf leikskólagöngu er mislög eftir aldri og reynslu hvers barns. Í Jöklaborg er miðað við að hún taki eina viku þar sem fyrsta heimsókn er ein klukkustund og lengist eftir því sem líður á vikuna. Foreldrar koma að skipulagi aðlögunar og er unnið að því sameiginlega að finna bestu leiðina svo aðlögun barnsins gangi vel. Meðan á aðlögun stendur gefst tími til að kynnast og hafa gagnkvæmt upplýsingastreymi um barnið.

FORM AÐLÖGUNAR

- Dagur 1** Foreldrar koma með barninu og dvelja í eina klukkustund ca. kl. 10:00-11:00. Starfsmaður tekur á móti barninu og er með því allan tímann.
- Dagur 2** Starfsmaður tekur á móti barninu og er foreldri með barninu allan tímann sem er

aðeins lengur en fyrsta dag.

Dagur 3 Foreldri dvelur í stutta stund með barninu og kveður síðan barnið og er í burtu í smá stund. Hversu löng sú stund er fer eftir mati starfsmanns og foreldris á því hvað barninu er fyrir bestu. Hringt er í foreldra ef tíminn er of langur fyrir barnið.

Dagur 4 Foreldrar kveðja barnið fljótlega eftir að barnið kemur og tími þess lengist frá deginum áður. Haft er samband við foreldra ef umsaminn tími reynist barninu of langur.

Dagur 5 Barnið dvelur nánast fullan tíma í leikskólanum.

AÐLÖGUN MILLI DEILDA

Þegar börn flytjast á milli deilda leikskólans tekur það oftast u.þ.b. viku. Reynt er að skipuleggja flutning á nýju deildina þannig að nokkur börn fari saman á sama tíma og veita þannig hvert öðru stuðning. Starfsmenn deildanna sjá um aðlögunina. Börnin fara í heimsókn á viðkomandi deild stutta stund í einu og svo lengist tíminn dag frá degi. Aðlögun milli deilda er ekki síður mikilvæg en fyrsta aðlögun. Börnin hafa farið á valtíma á milli deilda og kynnst húsnæðinu, börnum og starfsfólki. Foreldrum er boðið viðtal við deildarstjórnann á nýju deildinni stuttu eftir að barnið byrjar þar.

FORELDRARÁÐ

Samkvæmt lögum skal kjósa foreldraráð í leikskólum og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Foreldraráð er kosið í september ár hvert og í því sitja að lágmarki þrjú foreldrar ásamt leikskólastjóra til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur. Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefnda um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða

starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmdum skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á starfinu.

FORELDRAFÉLAG

Í Jöklaborg er starfandi foreldrafélag og í stjórn þess sitja foreldrar sem kosnir eru á aðalfundi foreldrafélagsins, fulltrúi starfsfólks situr í stjórn og miðlar gagnkvæmum upplýsingum. Foreldrafélag Jöklaborgar er fyrir alla foreldra/ forráðamenn barna leikskólans og er markmið þess meðal annars að tryggja velferð barnanna. Stjórn foreldrafélagsins skipuleggur árvissa viðburði sem ákveðnir eru hverju sinni. Foreldrar í foreldrafélaginu greiða ákveðna upphæð í Barnasjóð tvisvar á ári sem notað er í skipulagða viðburði á vegum foreldrafélagsins ár hvert.

FORELDRAVIÐTÖL

Skipulögð foreldraviðtöl eru eftirfarandi yfir skólaárið. Fyrsta foreldraviðtal er áður en barn byrjar í leikskólanum við stjórnendur leikskólans. Stuttu eftir aðlögun barns, hvort heldur er um að ræða nýtt barn sem er að byrja eða barn sem færir á aðra deild, er boðið foreldraviðtal við deildastjóra. Þar gefst tækifæri að ræða hvernig aðlögun hafi gengið, um líðan barnsins og fleira. Í janúar/febrúar á hverju ári er öllum foreldrum boðið í foreldraviðtal. Í því viðtali er farið m.a. yfir stöðu barna, þroska, færni og gerð einstaklingsáætlun fyrir barnið. Kveðjuviðtal er að vori fyrir foreldra þeirra barna sem eru að fara í grunnskóla. Þar er farið yfir stöðu barnsins og upplýsingar sem fara frá leikskólanum í grunnskólann. Foreldrar geta alltaf beðið um viðtal við deildarstjóra/ leikskólastjóra eftir þörfum.

FORELDRAFUNDIR

Tvisvar á ári, að hausti og að vori eru foreldrafundir. Að hausti er farið yfir Starfsáætlun Jöklaborgar, upplýsingar um hvað er áætlað að vinna að það skólaárið, hvaða umbætur verður unnið með og kosið í foreldraráð. Síðan er fundur að vori fyrir foreldra nýrra barna þar sem fram fer kynning á stefnu og starfi leikskólans og húsnæði leikskólans skoðað.

BÓKIN MÍN

“Bókin mín” er bók sem barnið á en leikskólinn ásamt foreldrum/aðstandendum útbýr og er samvinnuverkefni leikskólans og foreldra. Tilgangur bókarinnar er að styrkja sjálf barnsins og styðja. Barnið hefur bókina við hendina þar sem hún er í bókaskápnnum alltaf til taks hvenær sem barnið vill skoða hana og sýna öðrum. Í bókinni eru ljósmyndir af foreldrum, systkinum barnsins og öðrum skyldmönnum ásamt ýmsum viðburðum sem barnið hefur upplifað. Foreldrar skrifa texta í bókina sem gefur starfsmönnum tækifæri til að hvetja börnin til að segja frá því sem er í bókinni og það þekkir svo vel. Með þessari bók styrkjum við málþroska barnsins og eflum öryggi þeirra. Börnin kynnast hvert öðru í gegnum bókina, þau segja frá því sem er á myndunum. Þannig segja bækurnar sögu barnsins í máli og myndum. Ein bók er gerð á hverju ári. Fyrsta bókin er græn, þá gul, svo rauð og síðan blá og svo fjólublá.

FERÐABANGSI

Ferðabangsi er á hverri deild leikskólans. Hann ferðast heim til barnanna og dvelur hjá börnunum til næsta dags. Hann á sína tösku og dagbók sem foreldrar með hjálp barnanna skrifa í það sem barnið upplifði með bangsanum þann tíma sem hann dvaldi með barninu.

Þessi leikur er mjög barnvinsamlegur, þ.e. höfðar sterkt til barnanna og barnsins í sjálfum okkur og stuðlar að góðum samskiptum heimilis og leikskóla. Börnin „lesa“ síðan með aðstoð starfsmanna hvað stendur í dagbókinni fyrir alla á sinni deild.

KAFFIDAGAR

Kaffidagur er nokkrum sinnum yfir skólaárið og er hann á milli kl. 8:00-9:00 á miðvikudegi. Þá er kaffi á könnunni, vatn og te á öllum deildum. Þar gefst foreldrum tækifæri til að staldra við smá stund og skoða það sem barnið hefur verið að gera og það sem vekur áhuga þeirra, kynnast öðrum foreldrum og starfsfólki betur.

SKIPULAGSDAGAR

Skipulagsdagar eru sex á hverju skólaári. Leikskólinn er lokaður þá daga og starfsfólk leikskólans nýtir þá í fræðslu/nám og símenntun sína ásamt því að skipuleggja starfið. Á leikskóladagatali Jöklaborgar kemur fram hvaða dagar ársins þetta eru. Hægt er að skipta skipulagsdögum niður í hálfra daga og allt niður í tvær klst. Að koma með og sækja barn í leikskólann. Sú regla ríkir í Jöklaborg að börn komi og fari úr leikskólanum í fylgd með fullorðnum. Skóla- og frístunda-svið Reykjavíkurborgar leggur áherslu á að börn undir 12 ára aldri sæki ekki börnin í leikskólann. Foreldrar gefa upplýsingar í fyrsta viðtali hverjir hafa leyfi til að sækja barnið. Eingöngu þeir sem eru skráðir geta sótt það en komi til þess að aðrir sæki barnið en þeir sem eru skráðir verður að láta starfsfólk vita af því. Alltaf þarf að láta starfsfólk vita þegar barn er komið á morgnana og þegar það er sótt að degi loknum.

8 VIÐBURÐIR

I Jöklaborg hafa skapast ýmsar hefðir og hátíðir eru haldnar sem taka mið af leikskólastarfinu hverju sinni og svo aðrar sem taka mið af þjóðararfi okkar. Eitt af hlutverkum leikskólans er að viðhalda gömlum hefðum og tyllidögum í sögu þjóðarinnar til að styrkja þjóðarvitund barnanna. Sumt er með þátttöku foreldra og annað ekki.

Alþjóðlegi bangsadagurinn

Á alþjóðadegi bangsa 27. október ár hvert koma börnin með bangsann sinn að heiman og leikið er með þá ásamt ferðabangsa deildarinnar. Allir koma saman í sal og sungið er fyrir bangsana. Með þessum leik er verið að höfða til barnsins í sjálfum okkur og taka þannig þátt í mjög barnvinsamlegum leik.

Fullveldisdagurinn 1. desember

Í tilefni dagsins er hátíð í sal þar sem börnin eru frædd um hvenær og hvernig Íslendingar fengu fullveldi og sagt er frá þjóðfánanum okkar. Þjóðlegur matur er í hádeginu. Undirbúningur dagsins felst í fræðslu um þjóðfánann og sungin eru ættjarðarlög.

Dagur íslenskrar tungu

Á degi íslenskrar tungu 16. nóvember ár hvert er haldið uppá daginn með mismunandi hætti, s.s lestri íslenskra bóka, sögu frá eigin brjósti og lestri nemenda Öldusels-skóla sem koma sérstaklega í heimsókn þennan dag.

Aðventa

Á aðventunni er lögð áhersla á að skapa rólegt og notalegt andrúmsloft og njóta aðventunnar. Börnin baka piparkökur og bjóða foreldrum að smakka í Aðventustund. Þau gera gerkarla, útbúa jólagjafir fyrir foreldra sína, æfa jólalögin, einnig fræðast þau um jól og jólah hefðir fyrr og nú ofl.

Aðventustund

Á aðventu skiptast börn deilda á að bjóða foreldrum og aðstandendum barnanna í sal leikskólans á Aðventustund. Börnin syngja og leika jólahelgileikinn og eftir það er öllum boðið í heitt súkkulaði, kökur og jólastemningu.

Jólaball

Í sal leikskólans er haldið jólaball þar sem dansað er í kringum jólatré og jólasveinninn kemur í heimsókn og dansar með okkur. Hann fer síðan inn á allar deildir og færir börnunum gjafir.

Kirkjuferð

Börn og starfsfólk leikskólanna í Seljahverfi fara í Seljakirkju. Þar skiptast elstu börn leikskólanna á að sýna helgileik og að vera í kór. Farnar eru tvær ferðir í kirkju því fjöldinn er það mikill, tveir og tveir leikskólar eru saman. Foreldrar og aðstandendur barnanna eru velkomnir.

Prettándinn

Þennan dag höldum við hátíðlegan, dönsum kringum jólatréð í salnum og kveðjum jólin.

Porrinn

Á Bóndadaginn er boðið upp á porramat og börnunum sagt frá gömlum siðum og venjum.

Dagur leikskólans

Dagur leikskólans 6. febrúar er haldinn hátíðlegur því þann dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín. Stuðlað er að jákvæðri umræðu um leikskólastarfið með ýmsum hætti. Á degi leikskólans er foreldrum/aðstandendum barna Jöklaborgar boðið að koma í leikskólann á milli kl. 8:00 – 10:00. Boðið er í morgunmat ásamt því að kynnast starfi og verkefnum barnanna, fara um húsið að vild og sjá og upplifa brot úr starfi leikskólans.

Tannverndarvika

Tannverndarvika er í febrúar ár hvert. Í þeirri viku er rætt um mikilvægi góðrar tannhirðu, lesnar bækur um tannvernd og ýmis fræðsla um þetta efni ásamt því að sýna myndina um Kárius og Baktus.

Bolludagur, sprengidagur, öskudagur

Í tilefni bolludagsins eru fiskibollur/kjötbollur í hádeginu og rjómbollur í síðdegishressingunni. Á sprengidegi er boðið upp á saltkjöt og baunir í hádegismat. Hefð er fyrir því að börnin búi til sína öskudagsbúninga í leikskólanum. Byrjað er á að skoða, hanna og gera öskudagsbúninga þremur vikum fyrir öskudaginn. Notuð eru efni/efnisbútar, tölur, pappír og ýmislegt sem má klippa, mála og skreyta með. Börnin skreyta kassa sem í eru pokar með snakki fyrir hvert barn. Hefð er fyrir því að „slá köttinn úr tunnunni“, í salnum þ.e. þá koma

börnin eitt af öðru og slá í kassann þar til hann opnast og innihald hans dettur úr. Farið er í leiki og dansað í salnum. Í hádeginu er boðið upp á pylsur með öllu.

Opið hús

Fjölskyldum barna í leikskólanum og öðrum sem áhuga hafa gefst tækifæri til að kynna sér starf leikskólans og skoða starf vetrarins á „Opnu húsi“ sem er venjulega um mánaðamót apríl/mái. Börnin sýna og segja frá þeim verkum sem þau hafa unnið að á skólaárinu.

Hátíðarhöld í tilefni Þjóðhátíðar

Síðasta virkan dag fyrir 17. júní eru hátíðarhöld í tilefni Þjóðhátíðardags okkar Íslendinga. Undirbúningur felst í að æfa og læra Þjóðleg göngulög og fræðast um Þjóðfánann og af hverju við höldum daginn hátíðlegan. Farið er í skrudgöngu um Seljahverfi með börnum, foreldrum/aðstandendum og starfsfólki leikskóla hverfisins með lúðrasveit sem er í broddi fylkingar. Komið er við í Seljahlíð sem er dvalarheimili fyrir aldraða í Seljahverfi og sungið fyrir eldri borgara hverfisins sem búa þar. Að göngu lokinni fara allir í sinn leikskóla, fara þar í leiki, grilla og njóta þess að vera saman á úti-leiksvæði leikskólans.

Útskrift elstu barnanna

Hefð er fyrir því að hafa útskrift elstu barna með þátttöku foreldra/forráðamanna í sal leikskólans. Útskriftin er að vori þegar hefðbundnu vetrarstarf er að ljúka.

Afmæli

Haldið er uppá afmæli barna í leikskólanum með ákveðnum hætti. Barnið býr til kórónu, sækir sér skraut í „afmælisskápinn“ til borðskreytinga og getur valið sér sérstaka skykkju. Eldri börnin velja leiki sem farið er í, í salnum með börnum deildarinnar en yngri börnin velja lög til að syngja í samverustund. Þá er afmælisbarnið miðpunktur dagsins og er m.a. umsjónarmaður o.fl. Ekki er boðið upp á að koma með veitingar í leikskólann nema þegar barnið er að hætta. Ef foreldrar vilja bjóða börnum af deildinni heim í afmæli er mælt til þess að þeir setji ekki „afmælisboðskort“ í hölf barnanna heldur fái upplýsingar hjá starfsmönnum deilda um heimilisföng eða símanúmer barnanna.

Sérstakir dagar

Á leikskóladagatali eru tilgreindir sérstakir dagar sem geta verið mismunandi á ársgrundvelli. Má nefna höfuðfatadagur, íþróttadagur, bleikur dagur, röndóttur dagur.

9 SAMSTARF

I Seljahverfi eru fjórir leikskólar og er formlegt samstarf á milli þeirra sem staðið hefur síðan 1987.

Áhersla er lögð á að nýta þann mannauð sem starfsmannahópurinn býr yfir og auðga þannig uppeldisstarfið fyrir alla sem tengjast leikskólunum, þ.e. börnum, starfsfólki og foreldrum.

LEIKSKÓLAR

Stjórnendur leikskólanna hittast reglulega yfir skólaárið og ræða viðburði og sameiginleg málefni. Ýmsar nefndir eru starfandi meðal starfsmanna leikskólanna sem sjá um undirbúning ýmissa sameiginlegra árlegra viðburða, s.s. hátíðar í tilefni að þjóðhátíð Íslendinga, kirkjuferðar og sameiginlegra leiksýninga ásamt öðrum menningarferðum.

GRUNNSKÓLAR

Í Seljahverfi eru sex skólar, fjórir leikskólar og tveir grunnskólar. Skólarnir hafa þróað samstarf sín á milli í um áratuga skeið. Markmið þess samstarfs er að skapa samfelli í námi barna þannig að grunnskólarnir geti mætt hverju barni þar sem það er statt og byggt þannig ofan á fyrra nám barnsins. Stjórnendur skólanna hittast reglulega og meta samstarfið, setja niður samstarfsáætlun þar sem fram kemur hvenær þrír samræmdir skipulagsdagar verða á skólaárinu. Þá skipuleggja þeir aðlögun leikskólabarnanna að grunnskólanum og heim sóknir milli skólanna. Rætt er um hvaða upplýsingar fylgja börnunum í grunnskólann. Upplýsingar fara frá leikskólanum í grunnskólana um stöðu barnsins með út-

fylltum gátlista „sjálfsmynd og félagsfærni þriggja til sex ára barna í leik- og grunnskólum“. Gátlistinn er unnir af starfshópi á vegum Leikskóla - og menntasviðs Reykjavíkur. Með gátlistanum fer sjálfsmynd eftir barnið, svör barna við spurningum tengdum leikskólanum og hvernig þau haldi að verði þegar þau byrja í grunnskólanum ásamt niðurstöðum úr Hljóm2 hljóðkerfisvitundarprófi. Foreldrar skrifa undir þessar upplýsingar.

Áherslur í samstarfi skólastiganna eru:

- *Að kennarar skólastiganna tveggja öðlist sameiginlega sýn á þroska og færni barns við lok leikskólans og byrjun grunnskólans.*
- *Að brúa bilið betur milli þessara tveggja skólastiga.*

Heimsóknir elstu barna leikskólans í grunnskólana í hverfinu eru fjórar. Í fyrstu heimsókn tekur skólastjóri á móti börnunum og sýnir þeim skólann. Í annarri heimsókn sem er ca. í febrúar fara börnin inn í kennslustofu og fá að kynnast því hvernig dagur í grunnskólanum verður og einnig fara þau í sérgreinatíma og á bókasafnið. Þau hafa með sér nesti og fara út í frímínútur. Þriðja heimsóknin er áætluð fyrir páska en þá fara börnin í kennslustofu, skoða íþróttasalinn og tölvustofuna. Fjórða og síðasta heimsóknin er síðan að vori. Barn og foreldri fá bréf frá grunnskólanum þar sem fram kemur að þeim sé boðið í grunnskólann ákveðinn dag. Þau fara með foreldrum sínum og dvelja þar fram að hádegi. Á þessum tíma er komið í ljós hvaða börn verða saman og hvaða kennarar eru með börnin. Með þessum hætti eru börnin búin að sjá umhverfið og hitta væntanlegan kennara og börnin sem verða með þeim að hausti. Börn í sex ára bekk grunnskólanna sem byrjuðu þar að hausti

koma til með að heimsækja sinn leikskóla og hitta vini sína þar og segja elstu börnum leikskólans frá skólanum sínum.

Leikskólinn er í samstarfi við ýmsar stofnanir í nær- og fjærumhverfi skólans, þ. e. skólar, fyrirtæki og einstaklingar. Slíkt samstarf auðgar lærdómssamfélag leikskólans og fagmennsku. Nánustu samstarfaðilarnir eru foreldrar barnanna sem eru í leikskólanum. Leikskólar í Seljahverfi eru í formlegu samstarfi. Leik- og grunnskólar í Seljahverfi eru í samstarfi. Þá hafa starfsmenn Vinasels, frístundaheimilis í Seljahverfi, boðið elstu börnum leikskólans að koma í heimsókn. Auk þessara eru eftirfarandi samstarfsaðilar þeir helstu:

- Samstarf er við *Þjónustumiðstöð í Breiðholti* þar sem ýmsir sérfræðingar koma á fundi og vinna ýmis mál með starfsmönnum.
- Samstarf er við *Borgarbókasafnið í Gerðubergi* sem býður upp á sögustundir ásamt útlán bóka og fara börnin þangað í sögustundir og til að fá lánaðar bækur í leikskólann.
- *Slökkvilið Reykjavíkur* er í samstarfi við leikskólann um eldvarnir og fræðslu. Á haustin koma fulltrúar frá þeim með fræðsluefni fyrir elstu börnum og bjóða þeim síðan að skoða slökkviliðsbíl eða sjúkrabíl. Börnin vinna síðan ýmis verkefni í leikskólanum tengt verkefninu Logi og Glóð. Verkefni þar sem þau læra að þekkja útgönguleiðir í leikskólanum og reykskynjara.
- *Sinfóníuhljómsveit Íslands* býður elstu börnum leikskóla á tónleika á hverju vori í Hörpu. *Þjóðleikhúsið* og *Borgarleikhúsið* bjóða einnig elstu árgöngum leikskóla í leikhús á haustin.

- Farið er í heimsóknir á ýmis söfn og má þá helst nefna *Árbæjarsafn* og *Þjóðminjasafn*.
- *Umferðarskólinn* er í boði á hverju vori og *Brúðubíllinn* heldur sínar sívinsælu sýningar í hverfinu.
- Samstarf er við íþróttafélagið *ÍR* sem bjóða elstu börnum leikskólans að fara í íþróttahúsið í Seljaskóla og stunda þar ýmsar íþróttir undir stjórn þjálfara og starfsmanna leikskólans.
- Samstarf er við *Seljakirkju* þar sem farið er einu sinni á ári með börnum leikskólans og fjölskyldum þeirra í kirkjuna þar sem sungið er og leikinn helgileikur.
- Samstarf er við *Seljahlíð*, heimili aldraðra í Seljahverfi. Árlega koma börn, foreldrar og starfsfólk leikskóla Seljahverfis í heimsókn í Seljahlíð á hátíð sem er haldin í tilefni af þjóðhátíðardegi Íslendinga. Þar fyrir utan húsið syngja allir saman nokkur lög undir lúðrablæstri.
- Samstarf er við *Helgu Unnarsdóttur* leirkerasmið sem er með STUDIOos í hverfinu. Hún hefur boðið elstu börnunum í Jöklaborg árlega til sín og þau hafa unnið í leir hjá henni og hún sýnir þeim hvernig leirinn er brenndur og ýmislegt sem tengist því að vinna með leir.
- Samstarf hefur verið í Breiðholti þar sem allir leik- og grunnskólar ásamt frístundaheimilum hafa skipulagt saman *Breiðholtsbylgju* sem er sameiginlegur námskeiðsdagur þessara samstarfsaðila og er hálfan dag.
- Samstarfsaðilar eru einnig *Heilsugæslan*, *Velferðarsvið* og *Greiningarstöð ríkisins*.

